



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Lögð fram tillaga um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð ásamt fylgigögnum.

Á fundi velferðarráðs, þann 18. apríl 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 16. apríl 2018, um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð ásamt fylgigögnum.

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að breytingum á nokkrum ákvæðum reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem miða að því að:

- 1) Lengja gildistíma samþykktra umsókna úr tveimur í þrjá mánuði;
- 2) Fella niður skilyrði um að samkomulag um félagslega ráðgjöf verði að liggja fyrir þegar sótt er um styrk vegna tómsunda barna;
- 3) Fella niður skilyrði um að skila þurfi umsókn um námsstyrk 2 mánuðum áður en nám hefst.

Samþykkt.

Greinargerð fylgir tillögu.
Erindi hér með sent borgarráði til samþykktar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri



Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. apríl 2018

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Tillaga sviðsstjóra um breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að breytingum á nokkrum ákvæðum reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem miða að því að:

- 1) Lengja gildistíma samþykktra umsókna úr tveimur í þrjá mánuði;
- 2) Fella niður skilyrði um að samkomulag um félagslega ráðgjöf verði að liggja fyrir þegar sótt er um styrk vegna tómsunda barna;
- 3) Fella niður skilyrði um að skila þurfi umsókn um námsstyrk 2 mánuðum áður en nám hefst.

Breytingunum er ítarlega lýst í fylgiskjali með tillögu þessari.

Greinargerð

Þann 21. september 2017 var samþykkt á fundi velferðarráðs að rafvæða allar umsóknir á velferðarsviði. Í kjölfarið hófst stefnumótunarvinna á ferli fjárhagsaðstoðar þar sem umsóknarferlið var greint út frá upplifun notenda og starfsfólks. Á fjölmennum stefnumótunarfundi um fjárhagsaðstoð sem haldinn var í febrúar síðastliðinn með starfsfólki velferðarsviðs, fulltrúum notenda, hagsmunasamtaka og samstarfsaðila voru lögð drög að starfinu framundan. Nauðsynlegt var talið að fara í gagngera endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð en jafnframt var bent á atriði í reglunum og verklagsreglum sem einfalt væri að breyta til að ná strax fram hagræðingu og tímasparnaði, jafnt fyrir notendur sem og starfsfólk.

Þær breytingar sem lagðar eru til hér lúta að lengingu gildistíma samþykktra umsókna úr tveimur í þrjá mánuði þannig að notendur hafi rýmri tíma til að nýta þá þjónustu sem er í boði en dæmi eru um að umsóknir hafi t.d. verið fallnar úr gildi þegar notendur hafa komist að hjá sérþæðingum. Þá er lagt til að skilyrði um gerð samkomulags um félagslega ráðgjöf verði fellt niður í 16. gr. b, sem kveður á um aðstoð til foreldra vegna barna s.s. vegna daggæslu eða tómsundastarfs. Er þannig komið til móts við notendur

fjárhagsaðstoðar sem leita einu sinni eftir aðstoð vegna barns/barna sinna. Loks er lagt til að 2. mgr. 18. gr. verði felld úr gildi en þar er þess krafist að umsókn um námsstyrk liggi fyrir tveimur mánuðum áður en nám hefst. Er það notendum til hagsbóta.

Breytingarnar eru til þess fallnar að flýta ákvarðanatöku um fjárhagsaðstoð til notenda. Samhliða þessum breytingum verða gerðar breytingar á leiðbeiningum og verkagi um fjárhagsaðstoð þar sem áhersla verður á aukið umboð sérfræðinga til ákvarðanatöku varðandi umsóknir þar sem skýr réttur er til staðar. Slíkar breytingar munu m.a. stytta biðtíma eftir þjónustunni. Verkefnateymi, sem skipað hefur verið, m.a. til að vinna við heildarendurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð, mun fylgja þessum breytingum eftir.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð
2. Erindisbréf verkefnateymis vegna umbóta á fjárhagsaðstoð, dags. 10. apríl 2018

Yfirlit yfir breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg

Núgildandi 6. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar Umboðsmanns skuldara.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

Lagt er til að 6. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en **þrjá** mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og skal viðkomandi bent á að leita sér aðstoðar Umboðsmanns skuldara.*

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

Núgildandi B. liður 16. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið eða fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Lagt er til að B. liður 16. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

B. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, ~~eða~~ fyrirbyggjandi starf á sviði barnaverndar ~~eða á grundvelli einstaklingsáætlunar~~, er heimilt að veita foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. ~~Ætíð skal liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf.~~ Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla.

Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

Núgildandi 17. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Ef sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 17. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

Ef sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið mæla með því, er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárþörf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er, að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 og fjárþörf síðan metin að teknu tilliti til námsstyrksins.

*Gildistími umsóknar er **þrjú** mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 2. mgr. 18. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst nema hvað varðar e-lið.

Lagt er til að 2. mgr. 18. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

~~*Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en nám hefst nema hvað varðar e-lið.*~~

Núgildandi 4. mgr. 19. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 4. mgr. 19. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildistími umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 3. mgr. 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 3. mgr. 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildistími umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 6. mgr. 21. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 6. mgr. 21. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildistími umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 5. mgr. 22. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 5. mgr. 22. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildistími umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 4. gr. 24. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 4. mgr. 24. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildistími umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 4. mgr. 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 4. mgr. 25. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildistími umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 3. mgr. 26. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Lagt er til að 3. mgr. 26. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildistími umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá samþykkisdegi.*

Núgildandi 4. mgr. 27. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er nú svohljóðandi:

Gildi umsóknar er tveir mánuðir frá umsóknardegi.

Lagt er til að 4. mgr. 27. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verði svohljóðandi:

*Gildi umsóknar er **þrjú** ~~tveir~~ mánuðir frá umsóknardegi.*

ERINDISBRÉF

Verkefnateymi vegna umbóta á fjárhagsaðstoð

Ábyrgð: Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra, velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Markmið og hlutverk:

Þann 21. september 2017 var samþykkt á fundi velferðarráðs að rafvæða allar umsóknir á velferðarsviði. Fyrirtækið Deloitte var fengið til að greina núverandi umsóknarferli fjárhagsaðstoðar út frá upplifun notenda og starfsfólks og skilaði skýrslu 26. febrúar 2018. Þann 28. febrúar var svo haldinn stefnumótunarfundur um fjárhagsaðstoð með starfsfólki velferðarsviðs og fulltrúum notenda, hagsmunasamtaka og samstarfsaðila. Á fundinn mættu u.þ.b. 130 manns. Þessar aðgerðir marka upphafið að þeirri vegferð sem er framundan.

Tilgangur verkefnateymisins er að halda utan um nauðsynlega umbótavinnu fjárhagsaðstoðar og undirbúa rafvæðingu umsóknarferilsins. Skilgreina þarf markmið í þjónustuveitingu fjárhagsaðstoðar, endurskoða reglur fjárhagsaðstoðar, samræma verkferla og skipulag og bæta upplýsingamiðlun. Teymið þarf að setja strax í vinnslu þau atriði sem hægt er að bæta með litlum tilkostnaði á skömmum tíma. Teymið getur kallað til sérfræðinga af þjónustumiðstöðvum og af sviðum Reykjavíkurborgar, s.s. skrifstofu þjónustu og rekstrar, og sett á fót minni og sérhæfðari teymi til að skoða sérstaklega ákveðna þætti þjónustunnar.

Verkefni og tímarammi:

- Skilgreina markmið í þjónustuveitingu fjárhagsaðstoðar.
- Setja af stað vinnu við að bæta ferla og þjónustu fjárhagsaðstoðar í samræmi við niðurstöður stefnumótunarfundar 28. febrúar og ferlagreiningu Deloitte. Um er að ræða aðgerðir sem snúa m.a. að:
 - Innleiðingu á þjónustustefnu á þjónustumiðstöðvum
 - Samræmingu á skipulagi þjónustumiðstöðva
 - Samræmingu á verkferlum
 - Upplýsingamiðlun á vef Reykjavíkurborgar
 - Samskiptum við notendur
 - Samstarfi við stofnanir, t.d. varðandi rafrænar tengingar á milli kerfa
- Leggja grunn að heildarendurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð.
- Leggja grunn að nýjum verkferlum á veitingu fjárhagsaðstoðar.
- Hin einstöku verkefni skulu unnin í sprettum og teymið skal setja sér tímasetta aðgerðaáætlun og skila til ábyrgðarmanns fyrir 7. maí 2018.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar niðurstöðu ferlagreiningar Deloitte og niðurstöður stefnumótunarfundar 28. febrúar 2018.

Verkefnateymið skipa:

- Bára Sigurjónsdóttir, lögfræðingur, lögfræðiþjónusta VEL.
- Erna Guðmundsdóttir, deildarstjóri, þjónustumiðstöð Grafarvogs.
- Guðbergur R. Ægisson, verkefnastjóri, skrifstofu sviðsstjóra VEL, verkefnisstjóri.
- Þóra Kemp, deildarstjóri, skrifstofa ráðgjafarþjónustu, teymisstjóri.
- Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.


Til ráðgjafar:

- Erla Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri á skrifstofu sviðsstjóra VEL.
- Edda Jónsdóttir, verkefnastjóri í Rafrænni þjónustumiðstöð.
- Eyrún Ellý Valsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu sviðsstjóra VEL.
- Aðrir starfsmenn sem koma að einstökum þáttum í vinnu hópsins.

Starfstími:

Teymið starfar á tímabilinu 10. apríl – 1. september 2018.

Reykjavík, 10. apríl 2018



Dís Sigurgeirsdóttir,
skrifstofustjóri